

SLEGGJUDÓMAR OG STAÐREYNDIR

UM PAPPÍR OG PRENT



SLEGGJUDÓMAR OG STAÐREYNDIR

UM PAPPÍR OG PRENT

Þegar fjallað er um sjálfbærni pappírs og prentiðnaðar er mikilvægt að skilja að staðreyndir og sleggjudóma. Pappírs-
iðnaður er leiðandi á heimsvísu í sjálfbærum aðföngum,
endurnýjanlegri orku og hlutfalli endurvinnslu. Þrátt fyrir það
eru mýtur um pappír lífseigar á meðal neytenda.



SLEGGJUDÓMUR

Skógar eru að minnka

STAÐREYND

Skógar hafa breiðst út undanfarinn aldarfjórðung og vaxa nú sem nemur stærð 1.500 fótoltavalla á dag

Pappír er framleiddur úr sjálfbærum nytjaskógum á norðurhveli jarðar þar sem hringrás gróðursetningar, ræktunar og skógarhöggs er vandlega stýrt.

Frá árinu 2005 til ársins 2015 uxu evrópskir skógar um 44.000 ferkílómetra, sem er stærra landsvæði en Sviss og sem nemur vexti á stærð við 1.500 fótoltavelli á hverjum degi.

Ríflega helmingur skógarhöggs heimsins er notað til eldsneytis. Yfir 30% er nýtt í öðrum iðnaði, til dæmis mannvirkjagerð og húsgagnasmíði. Aðeins um 13% eru notað til að framleiða pappír (FAOSTAT, 2018).

SLEGGJUDÓMUR

Pappírnotkun felur í sér mikla sóun

STAÐREYND

Pappír er ein mest endurunna vara heims

Endurvinnsluhlutfall pappírs er mjög hátt á Vesturlöndum, rúmlega 70%. Ekki er hægt að endurheimta allar pappírsvörur til endurvinnslu vegna þess að þær eru geymdar í langan tíma (bækur) eða geymdar (skrár); þá eyðileggjast og mengast sumar þeirra við notkun (t.d. salernispappír).

Rúmlega helmingur trefja sem eru notaðar í pappírsiðnaði eru úr endurunnum pappír. Það er ekki hægt að endurvinna pappír endalaust, því trefjarnar styttast og slitna.

Framleiðsla á pappír er ekki hægt að byggja á 100% endurunnum trefjum og því verður stöðugt að halda hringrásinni við með nýjum trefjum úr sjálfbærum nytjaskógum. Þetta gerir það að verkum að það er ekki æskilegt að nota aðeins endurunninn pappír.

3

SLEGGJUDÓMUR

Pappír er slæmur fyrir umhverfið

STAÐREYND

Pappír er ein fárra raunverulega sjálfbærra vara

Skógar eru okkur dýrmætir, þeir bæta lífsgæði okkar en gegna líka mikilvægu hlutverki í að draga úr loftslagsbreytingum. Þegar tré vaxa taka þau upp koltvísýring úr andrúmsloftinu. Á einu ári mun þroskað tré taka um það bil 22 kg af koltvísýringi úr andrúmsloftinu og gefa frá sér súrefni í staðinn. Af því að pappír er unninn úr trjám, geymir hann kolefni allan sinn líftíma.

Pappírs og- prentiðnaður á norðurhveli jarðar tryggir heilbrigða og vaxandi skóga og notar virt vottunarkerfi til að tryggja að pappírinn sé unninn úr sjálfbærum skógi.



SLEGGJUDÓMUR


Pappírsframleiðsla er meginorsök losunar gróðurhúsalofttegunda um allan heim

STAÐREYND

Orkan sem er notuð til framleiðslunnar er að mestu endurnýjanleg og kolefnisstyrkur lágur

Umhverfisáhrif persónulegrar pappírsneyslu okkar eru ekki eins mikil og þú heldur. Með notkun pappírs úr sjálfbærum nytjaskógum og með endurvinnslu lágmörkum við áhrifin af neyslunni.

Pappírs- og prentiðnaður losar einna minnst af gróðurhúsalofttegundum í iðnaði, notar að stærstum hluta endurnýjanlega orku til vinnslunnar og hefur möguleika á að gera enn betur í þágu sjálfbærni í framtíðinni.



SLEGGJUDÓMUR

Rafræn samskipti eru betri fyrir umhverfið en pappírsbundin samskipti

STAÐREYND

Rafræn samskipti hafa einnig áhrif á umhverfið

„Enga pappírssóun“, „Björgum skógunum“. Þetta eru algeng skilaboð til fólks þegar það er hvatt til þess að skipta yfir í rafræn samskipti. Slagorðin eiga að vekja athygli á því að rafræn samskipti séu umhverfisvænni en að nota pappír. Þessi slagorð eru ekki byggð á staðreyndum. Notkun pappírs stuðlar að stækkun skóga.

Pappír er endurnýjanlegur og sjálfbær. Svo sjálfbær reyndar, að skógar á norðurhveli jarðar, hafa breitt úr sér og vaxið um svæði á stærð við Sviss á liðnum áratug.

Ekki er hægt að líta framhjá umhverfisáhrifum hins sívaxandi stafræna heims. Rafrænn úrgangur er meira en 45 milljón tonn á heimsvísu. Eða um sex kíló á hvert mannsbarn. Þar af eru rúmlega 400 þúsund tonn farsímar, sem er meira en massi Empire State byggingarinnar. Langstærstur hluti þessa úrgangs er ekki endurunnninn heldur endar í landfyllingum (Alþjóðæfnahagsþingið, 2019).

SLEGGJUDÓMUR

Stafræn tækni er ákjósanlegur samskiptamáti

STAÐREYND

Margir neytenda meta mikils samskipti á pappír

Stofnanir, bankar, fjarskiptafyrirtæki og stjórnvöld færa þjónustu sína í auknum mæli á netið og innheimta gjald ef fólk biður um pappírsbundin viðskipti.

Þótt að mikið hagræði fylgi stafrænni tækni þá hefur fólk ekki alltaf hag af pappírslausum viðskiptum. Oft eru það viðkvæmstu hópar samfélagsins sem eru háðir hefðbundnum pósti og í samfélagi þar sem samskipti fara eingöngu fram á netinu er hætt við því að ýmsir fatlaðir, fólk með lágar tekjur eða lélega tengingu og aldraðir sem ekki hafa tölvuvæðst missi tengslin.

Gögn á pappír hafa marga ápreifanlega kosti og það ætti að vera sjálfsagður réttur neytenda að velja, án þess að gjalda fyrir það, hvernig þeir hafa samband við banka- og fjármálaþjónustufyrirtæki, veitur, fjölmiðlafyrirtæki og aðra þjónustuaðila.

PRENT OG PAPPÍR – umhverfisvænn iðnaður

Endurvinnsluhlutfall pappírs og pappa er hærra á Íslandi en í flestum nágrannalöndum okkar eða um 84% (Umhverfisstofnun, 2019).

Til samanburðar er endurvinnsluhlutfall plasts á Íslandi 30%.

Neytendur kjósa að lesa prentaða útgáfu bóka (72%), tímarit (72%) og dagblöð/fréttir (55%) frekar en stafræna útgáfu. (Two Sides, 2019).

Pappírs- og prentiðnaður er ábyrgur og sjálfbær.

Pappír er framleiddur úr sjálfbærum skógum, sem fara vaxandi.

Skógareyðing regnskóga er ekki af völdum pappírsiðnaðar. Enginn pappír er framleiddur úr trjám regnskóga.

Með því að nota pappír stuðlum við að ræktun nytjaskóga og leggjum þannig okkar lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Í skógum eru veruleg tækifæri í bindingu kolefnis með aukinni ræktun og bættri umhirðu.

Sleggjudómar og staðreyndir um pappír og prent er gefið út í samstarfi IÐUNNAR fræðsluseturs, Samtaka iðnaðarins, Grafíu og pappírsinnflytjenda. Í ritinu er meðal annars stuðst við rannsóknir Alþjóðæfnahagsþingsins og kynningarefni frá alþjóðlegu samtökunum Two Sides sem hafa það að markmiði að upplýsa um sjálfbærni pappír og prentiðnaðar.

HEIMILDIR
Two Sides. Myths & Facts. 2019.
www.twosides.info

World Economic Forum.
A new Circular Vision for Electronics. 2019.





Þessi bæklingur er Svansvottaður og unninn á vottaðan pappír úr nytjaskógum